



## SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: [sfk@sfk.is](mailto:sfk@sfk.is) – Veffang: [www.seydisfjordur.is](http://www.seydisfjordur.is)



Samantekt, **júlí 2018**. Nánari upplýsingar og upphaflegar fréttir er hægt að nálgast á vefsíðu kaupstaðarins, [www.sfk.is](http://www.sfk.is)

*Bæjarstjórástafa* - Alls bárust 12 umsóknir vegna starfs bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar. Ein var dregin til baka. Leitað var til ráðningarskrifstofu með áframhaldandi vinnslu. Ákveðið var að ganga til samninga við Aðalheiði Borgþórsdóttur þann 1. ágúst. Aðalheiður mun hefja störf 1. október.

*Gestavinnustofur Skaftfells* - Skaftfell auglýsir eftir alþjóðlegum umsóknum fyrir dvöl í gestavinnustofum árið 2019. Umsóknarfrestur: 15. ágúst 2018. Í boði eru annars vegar sjálfstæðar vinnustofur og hins vegar tvær þematengdar vinnustofur.

*Bókasafn Seyðisfjarðar* - tilkynnir að vegna viðhaldsvinnu í húsnæði safnsins verður það lokað frá 7. - 20. ágúst 2018. Opnar aftur þriðjudaginn 21. ágúst.

*LungA hátíðin* - fór fram dagana 15. -22. júlí og gekk mjög vel. Met mæting var á tónleika, sem haldnir voru í fyrsta skipti tvö kvöld í röð.

### **Sveitarstjórnarmál**

Í júlí og til 13. ágúst hefur bæjarráð farið með fullnaðarheimild til afgreiðslu mála í sumarleyfi bæjarstjórnar samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar frá 23. júní 2018.

## *Heilbrigðismál*

Bæjarráð fundaði með stjórnendum Heilbrigðisstofnunar Austurlands þann 11. júní um starfsemi stofnunarinnar á Seyðisfirði og erfiðleika með að fullmanna stöður og skerta þjónustu vegna skorts á viðveru lækna á Seyðisfirði og undirfjármögnun stofnunarinnar.

## *Knattspyrnuvöllur við Garðarsveg*

Í byrjun júlí skipaði bæjarráð vinnuhóp um endurgerð yfirborðs knattspyrnuvallar kaupstaðarins og setti honum erindisbréf. Unnið er að undirbúningi verkefnisins og að koma því á framkvæmdastig.

## *Lunga skólinn*

Á fundi bæjarráðs þann 11. júní var samþykkt að taka boði LungA skólans um að kaupstaðurinn ætti fulltrúa í stjórn skólans. Jafnframt var samþykkt að Benedikta Guðrún Svavarsdóttir yrði fulltrúi kaupstaðarins í stjórn LungA skólans.

## *Ný persónuverndarlöggjöf*

Var samþykkt fyrir þinglok í sumar. Bæjarráð samþykkti að ganga til samstarfs við nágrannasveitarfélög um samstarf við innleiðingu löggjafarinnar og einnig um persónuverndarfulltrúa, en vinna við undirbúning innleiðingar er þegar hafin. Netfang persónuverndarfulltrúa Seyðisfjarðarkaupstaðar er [personuvernd@sfk.is](mailto:personuvernd@sfk.is)

## *Svæðisráð vegna gerðar strandsvæðisskipulags á Austfjörðum*

Um miðjan júlí barst kaupstaðnum erindi frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þar sem óskað er eftir að sveitarfélögin Fjarðabyggð, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Djúpavogshreppur tilnefndi fulltrúa í svæðisráð vegna strandsvæðisskipulags á Austfjörðum. Bæjarráð samþykkti að tilnefna Elfu Hlín Pétursdóttur í ráðið.